

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2007/EES/54/20

frá 2. apríl 2004

## um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja (\*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 1235)

(2004/332/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja, og til að kveða á um skyldu til að viðhalda váttryggingu gagnvart slíkri ábyrgð<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Um tengslin milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga (hér á eftir nefndar skrifstofurnar) í aðildarríkjunum og skrifstofanna í Króatíu, Kýpur, Tékklandi, Ungverjalandi, Íslandi, Noregi, Slóvakíu, Slóveníu og Sviss gildir marghliða samningur frá 30. maí 2002 (hér á eftir nefndur samningurinn).
- 2) Samningurinn fylgdi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/564/EB frá 28. júlí 2003 um beitingu tilskipunar ráðsins 72/166/EBE að því er varðar eftirlit með ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja<sup>(2)</sup> þar sem hverju aðildarríki var gert skylt að láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja sem að öllu jöfnu eru staðsett í öðru aðildarríki eða á yfirráðasvæðum Króatíu, Kýpur, Tékklands, Ungverjalands, Íslands, Noregs, Slóvakíu, Slóveníu og Sviss og heyra undir samninginn.
- 3) Hinn 1. nóvember 2003 skrifuðu skrifstofurnar í aðildarríkjunum og skrifstofurnar í Króatíu, Kýpur, Tékklandi, Eistlandi, Ungverjalandi, Lettlandi, Litháen, Möltu, Noregi, Póllandi, Slóvakíu, Slóveníu og Sviss undir 1. viðbót við samninginn, þannig að samningurinn næði einnig yfir skrifstofurnar í Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Möltu og Póllandi. Í viðbótinni er kveðið á um hentugt fyrirkomulag til að fella niður tryggingaefirlit með ökutækjum sem að

öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæðum síðartöldu landanna.

- 4) Öll skilyrði eru því uppfyllt fyrir að aðildarríkin og Eistland, Lettland, Litháen, Malta og Pólland hætti eftirliti með ábyrgðartryggingu ökutækja sín í milli í samræmi við tilskipun 72/166/EBE.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Frá og með 30. apríl 2004 skulu aðildarríkin láta vera að hafa eftirlit með ábyrgðartryggingu ökutækja, sem að öllu jöfnu eru staðsett á yfirráðasvæðum Eistlands, Lettlands, Litháen, Möltu og Póllands sem heyra undir 1. viðbót frá 1. nóvember 2003 við marghliða samninginn milli landsskrifstofa bifreiðatrygginga í aðildarríkjunum Evrópska efnahagssvæðisins og landsskrifstofa í öðrum samstarfsríkjum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til framkvæmdar þessari ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 192, 31.7.2003, bls. 23.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 105, 14.4.2004, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2004 frá 3. desember 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 26.5.2005, bls. 19.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 84/5/EBE (Stjtið. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17).